

Könnun Skólapúlsins meðal foreldra nemenda í Garðaskóla 2025

Skólalátturinn gerir könnun annað hvert ár í febrúar á meðal foreldra nemenda í Garðaskóla og niðurstöður eru nú tilbúnar. Úrtak foreldra 120 nemenda var beðið að svara 70 spurningum og bárust svör frá 82 foreldrum sem gerir 68% svarhlutfall. Spurt var um nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðning, svo stærstu efnisþættir séu nefndir. Að auki koma fram opin svör foreldra um hvað þeir eru ánægðir með í skólanum, um hvað má betur fara, heimasíðu skólans, og álit á banni við snjallsímum - sem heyrst hefur að standi til að koma á næsta vetur.

Fram kemur í inngangi að könnuninni hvernig niðurstöður eru sýndar á mismunandi vegu. Án þess að ætlunin sé að flækja málin um of, þá eru í hverjum flokki spurninga þættir sem hver um sig hefur nokkrar undirspurningar. Samsett gildi úr þessum undirspurningum verður þá til sem varpar ljósi á þróun milli ára fyrir þann þátt. Þessi gildi er þá sýnd á stöðluðum kvarða frá 1-9 þar sem meðaltalið er 5 og staðalfrávik er 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Í öðrum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þessari samantekt munu því sjást svona yfirlitsmyndir með samsettu gildunum, bein svör með hlutfallstölum, töflur sem undirritaður hefur sett saman úr tölum fleiri ára til þess að sýna þróun mála svart á hvítu, kynjamunur og árgangamunur. En nóg um framsetningu niðurstaðna.

Segja má að nokkur breyting sjáist núna til hins verra ef borið er saman við síðustu könnun og landsmeðaltal. Nú sést betri staða í 10 liðum í Garðaskóla en í landsmeðaltali, en verri staða í 19. Þetta er öðruvísi en fyrir tveimur árum þegar sást betri staða í Garðaskóla í meirihluta þeirra liða sem teknir voru fyrir heldur en í landsmeðaltali. Sú könnun, 2023, kom reyndar það vel út að leita þarf nokkur ár aftur í tímann til að sjá viðlíka gildi í mörgum tilfellum, en segja má að niðurstöður nú séu líkari þeim sem sáust 2021 og 2019. En áður en farið nánar í spurningaflokkana, undirþætti, meðaltalstölur, þróun milli ára, o.s.v.frv. skal litið á nokkra athyglisverða punkta sem koma fram:

- + Yfir 90% foreldra finnst flestir kennarar skólans hæfir og metnaðarfullir og skólanum vel stjórnað
- + 94% eru ánægð með samskipti við umsjónarkennara, aðra kennara og annað starfsfólk.
- + Einelti er áfram mun minna í Garðaskóla en í öðrum skólum.
- + 91% nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum.
- 86% nemenda líður vel í kennslustundum en það er lægsta hlutfall undanfarin ár.
- Agi minnkar frá síðustu könnun, en þó eru það ¾ sem telja hann hæfilegan.
- Skorta þykir á upplýsingagjöf frá skólanum.
- Umtalsvert minni ánægja ríkir með mótuneyti nemenda þrátt fyrir gjaldfrjálsar máltíðir.
- 14% foreldra hafa ekki skoðað heimasíðu skólans.

1. Nám og kennsla


Þessi flokkur spurninga snýst um ánægju foreldra með nám og kennslu, stjórnun skólans, þyngd námsefnis, og agamál. Ánægja foreldra með nám og kennslu í Garðaskóla virðist minnka frá síðustu könnun þegar horft er á samsett gildi úr nokkrum undirspurningum – það er nú 4,9 stig, en var 5,7 stig 2023 og 5,2 stig 2021 – svo að þessi gildi flakka svolítið upp og niður milli kannana. Til að sýna betur hvað er um að ræða koma hér nýjustu niðurstöðurnar með samanburði við landsmeðaltalið og einnig síðustu tvær kannanir fyrir Garðaskóla, sem sagt frá 2023 og 2021.

Tafla 1: Hlutfall foreldra sem eru sammála eða mjög sammála staðhæfingum um nám og kennslu

	Garðaskóli 2025	Landsmeðaltal 2025	Garðaskóli 2023	Garðaskóli 2021
Kennarar eru flestir hæfir og metnaðarfullir	91%	93%	94%	93%
Ég er almennt ánægð/ur með kennsluaðferðir	89%	89%	91%	94%
Skólinn tekur vel á agavandamálum	81%	74%	86%	77%
Skólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur	78%	84%	92%	87%
Skólinn stendur sig vel í að mennta nemendur	87%	90%	98%	94%
Skólinn mætir námslegum þörfum nemenda	86%	85%	90%	88%

Hér sést að Garðaskóli kemur í ár betur eða nánast eins út og landsmeðaltal í fjórum liðum, í einum lið hefur Garðaskóli vinninginn og í einum er landsmeðaltalið með vinninginn. Mesti munur á Garðaskóla og landsmeðaltali er í agamálum, þar sem Garðaskóli stendur betur (+7%), en hvað varðar reglulega upplýsingagjöf um námsárangur kemur hann verr út (-6%). Ef litið er til síðustu könnunar í þessum sama lið (92%) þá sést að nú munar 14% frá síðustu könnun, því 92% þá eru 78% nú. Þarna má hafa í huga að síðasti samráðsdagur með foreldrum og nemendum í byrjun febrúar féll niður vegna verkfalls kennara. Formleg upplýsingagjöf hefur því verið minni þennan veturinn en venjulega og þar með upplifir fólk minni upplýsingagjöf sem sennilega skýrir þennan mun. Aðrir liðir með hliðsjón af tveimur eldri könnunum eru svipaðir þó þeir séu yfirleitt 2-5% lægri. Helst sést munur í næstsíðasta liðnum, um hve vel skólinn standi sig í að mennta nemendur.

En ef horft er á nemendahópinn eftir kynjum, þá eru svör foreldra stráka jákvæðari en foreldra stelpna þar sem fyrri hópurinn er má segja á pari við landsmeðaltal, en svör foreldra stelpna eru marktækt lægri en í landsmeðaltali (mynd 1.1).




Mynd 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu eftir kynjum nemenda

Í ár er einnig litið til árgangamunar og sést þá að allir árgangar eru mjög svipaðir hver öðrum og eru nánast á pari við landsmeðaltal þeirra.

Þá kemur að ánægju foreldra með stjórnun skólans. Nú segja rúm 93% að þeir telji skólanum frekar vel eða mjög vel stjórnað, þar af eru það tæp 40% sem segja mjög vel og tæp 54% frekar vel. Þetta hlutfall stóð reyndar í 100% í síðustu könnun 2023 og 96% 2021, en þrátt fyrir

lækkun nú þá er þetta rúmum 2% hærra en í landsmeðaltali (91%). Frá því 2013, eða í 8 könnunum, hefur Garðaskóli ávallt fengið ánægt hlutfall foreldra vel yfir 90% og svo er einnig nú. Lítil árgangmunur kemur fram, þ.e. 91% foreldra nemenda í 8.bekk eru ánægð, 96% í 9.bekk og 92% í 10.bekk.


Þegar kemur að þyngd námsefnis þá sést að 85% foreldra telja hana hæfilega í Garðaskóla, tæpum 5% hærra hlutfall en í landsmeðaltali. Einu sinni í fyrri könnunum hefur landsmeðaltal fengið jákvæðari svörun, þegar hlutfallið lækkaði niður í 80% í Garðaskóla árið 2019. Hin árin frá 2013 hefur skólinn verið að fá frá 85% upp í 90% hlutfall ánægðra og þá á bilinu 4%-8% hærra en landsmeðaltal (mynd 1.2).



Mynd 1.2. Hæfileg þyngd námsefnis milli ára.

Þegar litið er til árganga sést munur því 91% foreldra nemenda í 8.bekk telja þyngdina hæfilega, 85% í 8.bekk, og 81% í 10.bekk.

Síðasti liðurinn í þessum flokki spurninga, Námi og kennslu, er spurningin hvort foreldrum þyki hæfilegur agi vera í skólanum. Eins og sést á meðfylgjandi mynd þá hefur hlutfall þeirra sem það finnst farið lækkandi frá 2015. Þar er undan skilið árið 2023, en það ár virðist skera sig nokkuð úr öðrum eins og áður sagði. Þá hækkaði hlutfallið um 12% en nú lækkar það aftur í það sama og var 2021, eða 73% foreldra sem telja aga vera hæfilegan í Garðaskóla (mynd 1.3).



Mynd 1.3. Hæfilegur agi í skólanum milli ára

Það sést einnig á myndinni að hærra hlutfall foreldra hefur í gegnum árin álitð aga vera hæfilegan í Garðaskóla en gerist og gengur í landsmeðaltali, utan ársins 2021.

Þegar betur eru skoðaðar tölur Garðaskóla sést að á bak við þessi 73% sem telja agann hæfilegan eru 52 foreldrar, og að 18 foreldrum, eða 25% af þeim sem svara, finnst hann of lítill og svo er eitt foreldri (rúmt 1%) sem finnst hann of mikill. Þarna minnkar fjöldi og hlutfall þeirra sem álíta hann hæfilegan frá síðustu könnun úr 64 þá í 52 foreldra nú og hlutfallið úr 85% þá í 73% nú. Um leið eykst hlutfall og fjöldi foreldra á sama tímabili sem segja aga vera of lítinn, úr 10 foreldrum (13%) þá í 18 (25%) nú. En þessar tölur nú eru mjög svipaðar þeim sem sáust 2021, þegar 73% töldu agann hæfilegan og 27% töldu hann of lítinn.


Ef skoðaður er kynjamunur, þ.e. hvort skipti máli að foreldri eigi strák eða stelpu í skólanum, þá sést að 80% foreldra stráka telja agann hæfilegan í skólanum en 66% foreldra stelpna, eða 14% munur. Þessi hlutföll stóðu í sömu röð í 95% og 76% árið 2023, og í 83% og 64% árið 2021, eða 19% munur milli kynja í þeim tveimur könnunum. Í heild má segja að hækkun á hlutfalli foreldra nemenda af báðum kynjum sem kom fram í könnuninni 2023 hafi gengið til baka í ár og sé núna aftur orðið mjög svipað eins og 2021.

2. Velferð nemenda

Þeim 13 liðum sem er spurt um hér má skipta í þrjá meginflokka, ánægju foreldra, líðan nemenda og einelti, en núna hefur bæst við einn liður um bann við snjallsímum. Í fyrsta hlutanum, ánægju foreldra með samskipti, kemur í ljós að 94% þeirra eru ánægð eða frekar ánægð með samskipti við umsjónarkennara barna sinna (var 98%), 94% eru ánægð með samskipti við aðra kennara (var 95%), og 94% eru ánægð með samskipti við annað starfsfólk skólans (var 100%). Foreldrar stráka láta í ljósi sömu ánægju og í meðaltali skóla, en foreldrar stelpna í skólanum eru ekki eins ánægðir, 4,4 stig á mótí 4,8 – þegar horft er á samsett gildi úr undirspurningunum. Eftir árgöngum eru foreldrar nemenda í 8.bekk ánægðastir (4,9 stig) og 0,3 stigum yfir landsmeðaltali, foreldrar nemenda í 9.bekk eru minnst ánægðir (4,3 stig) og 0,3 stigum undir landsmeðaltali, en foreldrar 10.bekkjarnema eru þarna á milli (4,7) og á pari við landsmeðaltal.

Aðspurð um það hvort skólinn komi vel til móts við þarfir nemenda þá telja 85% foreldra að svo sé en það hlutfall hefur staðið í um og yfir 90% síðustu ár. Hér sést nokkur kynjamunur því hér á bak við eru 91% foreldra stráka ánægð, en 77% foreldra stelpna í skólanum. Þetta hlutfall foreldra stelpna er 89% í landsmeðaltalinu og þessi 12% teljast marktækur munur. Eftir árgöngum er nánast enginn munur því hlutfall ánægðra er á bilinu 84% - 86% og þeir eru allir lítillaga undir hlutföllum landsins, eða 2% - 5% lægri.

Líðan nemenda er könnuð í þremur liðum, með því að líta á líðan almennt, á líðan í kennslustundum, og svo á líðan í frímínútum. Hin almenna líðan nemenda í Garðaskóla er góð að mati rúmlega 91% foreldra sem er nánast óbreytt frá síðustu könnun og er nánast sú sama og í landsmeðaltali. Það sést þó munur eftir því hvort foreldrar eiga strák eða stelpu (mynd 2.1).




Mynd 2.1. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra eftir kynjum nemenda

Hér sést hærra hlutfall hjá foreldrum stráka í skólanum en bæði í landsmeðaltali stráka og hjá foreldrum stelpna. Stelpum í skólanum virðist líka ekki líða alveg eins vel og stelpum í meðaltali landsins, en munurinn er þó ekki stór.

Ef lítið er til árganga sést lítill munur á skólanum og meðaltalinu, eða aðeins um 2% - 4% þar sem nemendum 9. og 10. bekkja skólans líður vel í 93% tilfella, og betur en meðaltalsárgöngunum, en hins vegar líður 88% nemenda í 8. bekk vel, sem er 2% lægra en meðaltal þess árgangs. Í heild líður þó 9 af hverjum 10 nemendum Garðaskóla vel þar.

Þegar náð er skoðuð vellíðan eftir mismunandi stöðum, þá sést að líðan nemenda í kennslustundum fer minnkandi frá síðustu könnunum og er nú 7% lægri en síðast – sem er umhugsunarefni. Nú telja 86% foreldra að sínu barni líði vel í kennslustundum, en það hlutfall var 93% 2023 og 96% 2021. Reyndar er þetta hlutfall sem nú sést það lægsta sem sést hefur því næsta gildi ofan við er 90% árið 2019 (mynd 2.2).



Mynd 2.2. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra milli ára


Þau 14% sem eftir standa er hlutfall þeirra foreldra sem segja að sínu barni líði annaðhvort frekar illa (10 manns) eða mjög illa (1 foreldri).

Lítill sem enginn kynjamunur sést því 86% telja líðan nemenda góða í kennslustundum hvort sem barn þeirra er strákur eða stelpa, en í landsmeðaltali eru það 90% foreldra stráka og 92% foreldra stelpna. Einnig sést lítill munur milli árganga, 85% foreldra nemenda í 9. og 10. bekk telja að sínu barni líði vel, og 88% foreldra nemenda í 8. bekk. Þessi hlutföll eru í sömu röð lítið eitt lægri en í landsmeðaltali sem nemur 1%, 5% og 2% í sömu röð árganga.

Líðan í frímínútum (eða útiveru) kemur betur út en í kennslustundum, hún er á pari við landsmeðaltal og síðustu könnun má segja, eða 91% í stað 92%. Þetta þýðir þó að 9% nemenda

líður ekki vel í frímínútum – þar af rúmum 6% (5 foreldrar) frekar illa og tæpum 3% (2 foreldrar) mjög illa. Nú telja 95% foreldra stráka og 86% foreldra stelpna að sínu barni líði vel í frímínútum, og ber nú svo við að strákarnir eru 5% hærri en aðrir strákar landsins, en stelpurnar tæpum 4% lægri. Árgangamunurinn er svipaður og hér að ofan, 8.bekkur (rúm 87%) er um 5% lægri en hinir tveir árgangarnir (rúm 92%) og í samanburði við landsmeðaltal er 8.bekkur 3% lægri, 9.bekkur er 2% hærri og 10.bekkur um 1% hærri – svo munurinn er hvergi mikill.

Kemur nú að liðnum einelti sem ávallt hefur komið vel út í Garðaskóla bæði samkvæmt álitni nemenda sjálfra en einnig að álitni foreldra sem nú verður litið á. Að mati foreldra fer einelti örlítið vaxandi í skólanum (0,4 stig) en það er þó 5% minna en í landsmeðaltali, sem er marktækur munur (mynd 2.3).



Mynd 2.3. Umfang eineltis að mati foreldra milli ára

Þegar betur er skoðað sést að þessi 3 tilfelli á þessu skólaári, sem fram koma hjá 75 foreldrum sem svara, snúast öll um kvenkyns nemendur, 1 í hverjum árgangi. Önnur svör eru þannig að 62 foreldrar segja sitt barn ekki hafa orðið fyrir einelti, 5 segjast ekki vita, 4 segja að það hafi gerst í öðrum skóla, og 1 foreldri segir að ár sé síðan það gerðist.

Þeir staðir sem foreldrar segja að einelti hafi átt sér stað er einkum í frímínútum innandyrna (3), í hádegishléi (2), og aðrir staðir – kennslustundir, frímínútur á skólalóð, í búningssklefum, á netinu eða í farsíma - eru nefndir af einu foreldri. Að auki er það einn sem talar um útilokun síns barns frá fyrrum vinahópi.


Ekki bárust nógu mörg svör – eða færri en 5 - til þess að birta niðurstöður við því hvaða hlutfall eineltistilvika var tilkynnt til skólans, ánægju foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum, ánægju foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum, og meðaltímabil eineltis.

Þegar spurt er um ánægju foreldra með eineltisáætlun skólans er svarhlutfallið mjög lágt, eða aðeins 21 foreldri. Þeim tölum má því taka með fyrirvara. Það sem þó sést, eða er vísbending um, er að 84% foreldra eru ánægð með eineltisáætlun skólans, sem er 9% lægra hlutfall en 2023 en 3% hærri en 2021. Fram kemur að 100% foreldra stráka séu ánægð en 71% foreldra stelpna. Allir árgangar koma nokkrum prósentum betur út í skólanum en í landsmeðaltali, frá 80% upp í 89%.

Í lokin á þessum flokki spurninga er nýja spurningin um hvort eigi að banna snjallsíma í skólanum. Aðeins eru það tæp 19% (14 foreldrar) sem segjast styðja slíkt bann á móti tæpum 45% í landsmeðaltali og fylgið í Garðaskóla er það lægsta af öllum skólum. Þar af eru það 21% foreldra stelpna og tæp 17% foreldra stráka. Eftir árgöngum eru það tæp 13% foreldra nemenda í 8.bekk

sem eru þessu fylgjandi, 22% í 9.bekk og 21% í 10.bekk. Samsvarandi hlutföll í landsmeðaltali í sömu röð eru mun hærri - sem nemur 28%, 13% og 17% í sömu röð, eða tæp 41% í 8.bekk, 35% í 9.bekk, og 38% í 10.bekk.

Það er þó meira sem má lesa út úr niðurstöðunum því spurt er um hversu strangar reglur eigi að setja um snjallsímanotkun. Þá sést að í Garðaskóla eru það 49% þeirra sem taka afstöðu sem segjast „vilja setja mjög strangar reglur um snjallsímanotkun barna í grunnskólum“, og 31% vilja hafa leiðbeinandi reglur, en í landsmeðaltali eru færri fylgjandi þeim möguleikum, tæp 34% og 19% í sömu röð (mynd 2.4).



Mynd 2.4. Álit foreldra á aðgengi barna að snjallsímum í grunnskólum

3. Aðstaða og þjónusta

Í þessum þriðja flokki spurninga er beðið um álit foreldra á aðstöðu nemenda í frímínútum, í kennslustofum, í list- og verkgreinum, íþróttatímum, aðgang að tölvum, tómstundaþjónustu, og mötuneyti nemenda.

Nú kemur fram lítillega minni ánægja með aðstöðu nemenda en í síðustu könnun en ánægjan er mjög svipuð og sást í nokkrum könnunum þar áður og jafnmikil og í landsmeðaltalinu. Við nánari athugun sést að 93% eru ánægð með aðstöðu fyrir list- og verkgreinar (var 96%), 95% eru ánægð með aðstöðu til íþróttakennslu (var 97%), 91% eru ánægð með aðbúnað í almennum kennslustofum (var 92%), 97% eru ánægð með aðgengi að tölvum (var 96%), 84% eru ánægð með aðstöðu í frímínútum/útiveru (var 91%), 98% eru ánægð með möguleika á tómstundaiðkun eftir skóla (var 97%), og 88% eru ánægð með mataraðstöðu (var 84%). Það eru því í raun aðeins minniháttar breytingar.


Lítill sem enginn kynjamunur sést heldur, þ.e. út frá því af hvoru kyninu barn þess foreldris er sem svarar. Hins vegar sést munur á milli árganga því foreldrar nemenda í 10.bekk eru ánægðastir (5,9 úr liðunum hér fyrir ofan samsettum), foreldrar 9.bekkinga eru minnst ánægðir (5,1 stig) og foreldrar 8.bekkinga eru þarna á milli (5,6 stig).

Þegar kemur að ánægju með tómstundaþjónustu þá er hún sú sama og í landsmeðaltali, svipuð og síðustu ár ef undan er skilin síðasta könnun – sem virðist hafa komið betur út í flestum liðum. Foreldrar stráka eru ánægðari en stelpna, en munurinn er aðeins 0,4 stig og það sama má segja um árgangamun þar sem munur á þeim hæsta (8.b) og þeim lægsta (10.b) eru einnig 0,4 stig.

Spurt er um nokkra liði þarna á bak við, sem sagt líðan barnsins í tómstundaþjónustu, eftirlit með starfinu, samskipti barnsins við starfsfólkið, dagleg viðfangsefni, húsnæðið/aðstöðuna,

og verð þjónustunnar. Allir þessir liðir fá á bilinu 89% - 100% hlutfall ánægðra, ef undan er skilið húsnaðið sem aðeins fær 77% hlutfall ánægðra.

Þegar kemur að hlutfalli þeirra sem stunda það að mæta í tómstundaþjónustu skólans, Garðalund, þá vekur athygli sú lækkun sem nú sést. Aðeins 40% nemenda mæta þangað, samkvæmt svörum foreldra þeirra, á móti 67% í meðaltali landsins. Hvort þessi þjónusta er alveg sambærileg á milli skóla skal ósagt látið hér, en það er þó ljóst að engin barnapössun er strax eftir að tímum lýkur í Garðaskóla heldur fara börnin sjálf til síns heima. Þetta 40% mætingarhlutfall er þó athyglisvert þegar horft er til síðustu talna, 51% árið 2021 og 61% árið 2019. Hér vantar tölur frá árinu 2023, væntanlega vegna Covid. Ef horft er lengra til baka þá sjást hins vegar enn lægri tölur en nú, eða undir 30%, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd (mynd 3.1).




Mynd 3.1. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu milli ára

Kynjamunur kemur nokkuð fram hér því 30% foreldra stráka á móti 53% foreldra stelpna segja sitt barn sækja þessa þjónustu. Af þeim sem tóku afstöðu var það helmingur foreldra 8.bekkinga sem segir sitt barn mæta, þriðjungur foreldra nemenda í 9.bekk, og 39% foreldra nemenda í 10.bekk. Samsvarandi tölur í landsmeðaltali eru 71%, 61% og 63% í sömu röð.

Aðspurðir um ástæður þess að barn þeirra sækir ekki í þá tómstundaþjónustu sem er í boði þá segja 30 manns (65%) að barnið þurfi hana ekki, 1 (2%) segist óánægður með starfsemi, en 15 manns (33%) gefa svo ástæður eins og að íþróttir skarist þarna, eða þá að áhuginn sé ekki fyrir hendi hjá barninu. Það má í framhaldi benda á að í opnum svörum foreldra í lokin ber nokkuð á óánægjuröddunum - jafnvel er lagt til að Garðalundur verði lagður niður því nánast enginn sé að mæta þangað - en í ljósi þessarar umfjöllunar er það nú ekki alveg rétt og þrátt fyrir sveiflur í vinsældum þá er vissulega stór hluti nemendahópsins þrátt fyrir allt að nýta sér þjónustu Garðalundar.

En nú kemur að ánægju með matinn í skólanum. Nú sést að ánægjan hefur minnkað umtalsvert frá síðustu könnun, úr tæpum 72% hlutfalli ánægðra í tæp 45% ánægðra nú á meðan hlutfall ánægðra í landsmeðaltali er tæp 73% svo munurinn er því 28% (mynd 3.2).



Mynd 3.2. Ánægja foreldra með matinn í skólanum á milli ára

Ef hlutfallið 2023 er tekið út fyrir sviga – því það eins og í flestum öðrum liðum kom mun betur út en önnur ár – og horft er á tvær kannanir þar á undan, 2021 og 2019, þá munar samt um 10% - 15% á hlutföllum ánægðra með matinn. Hlutfallið nú er enn fremur það lægsta sem sést hefur, eins og sést á myndinni.

Lítill kynjamunur kemur fram, um 44% foreldra stráka og um 46% foreldra stelpna eru ánægð en þegar kemur að árgangamun sést töluverður munur. Þá eru ánægð tæp 37% foreldra nemenda í 8.bekk, tæp 27% foreldra nemenda í 9.bekk, og tæp 64% þeirra sem eiga barn í 10.bekk. Svo eitthvað kunna börnin betur að meta matinn með hækandi aldri, en 9.bekkur er þó lægstur eða óánægðastur – reyndar eins og í mörgum öðrum liðum.


Einnig var spurt um notkun á mat í skólanum, þ.e. hvort barnið væri í mat í hádeginu, og svöruðu því tæp 82% játandi en um 18% neitandi. Samsvarandi hlutföll eru 96% og 4% á landsvísi. Þrátt fyrir þetta lægra hlutfall þá þarf að benda á að í síðustu könnun – þegar flest kom betur út – þá var hlutfallið 67% og 2021 var það tæp 58%. Fyrir þetta skólaár var komið á gjaldfrjálsum máltíðum í grunnskólum landsins og það er alveg að skila sér í meiri ásókn í matinn þó svo að ánægja með matinn hafi minnkað, eins og kom fram hér áðan.

Strákarnir í Garðaskóla nýta sér matinn betur en stelpurnar, tæp 84% á móti um 79%. Nemendur 8.bekkjar eru duglegastir árganganna, með tæp 92% í mat í hádeginu, 88% 10.bekkinga, en aðeins tæp 67% 9.bekkinga nýta sér hádegismatinn. Helstu ástæður sem gefnar eru fyrir því að nýta sér ekki fríar skólamáltíðir eru óánægja með matseðilinn/máltíðirnar (8 foreldrar) og matvæðni barnsins (4 foreldrar).

4. Foreldrasamstarf

Að mati foreldra þá minnkar frumkvæði kennara að samstarfi frá því í síðustu könnun. Það hefur verið minna síðustu ár í skólanum en gerist og gengur í landsmeðaltali, en nú kemur fram lægra gildi en áður. Í því sambandi má þó minna á að síðasti samráðsdagur kennara með umsjónarnemendum sínum og foreldrum þeirra féll niður vegna verkfalls kennara, einmitt í sama mánuði og þessi könnun fór fram. Aðeins eru tveir fastir dagar yfir skólaárið ætlaðir í svona samstarf eða samráð í skólanum, fyrir utan hitting með foreldrum nemenda 8.bekkjar fljótlega eftir skólasetningu á haustin, foreldramorgna með umsjónarhópnum og umsjónarkennara í öllum árgöngum þar sem fólk fær sér þá morgunverð saman, en annars er fólk í tölvupóstsamskiptum

þegar þess þarf. Að missa annan daginn hafði því örugglega töluverð áhrif á upplifun foreldra en fyrirmæli bárust um að ekki ætti að setja þennan dag á dagskrá á öðrum tíma. Á móti kemur að Garðaskóli er unglingaskóli - einn af fáum - þar sem nemendur flakka á milli kennara en í samanburðarhópnum er um 5000 foreldra úrtak sem þýðir að yngri bekkir eru þarna með og þar sem samskiptin eru oft á tíðum annars háttar. Algengast er í öðrum skólum að einn kennari sé með sömu nemendur allan daginn eða í flestum greinum. En hvað sem því líður þá sést á meðfylgjandi mynd að foreldrar beggja kynja nemenda í Garðaskóla upplifa marktækt minna foreldrasamstarf að frumkvæði kennara en í þessum samanburðarskólum (mynd 4.1).



Mynd 4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi eftir kynjum

Sömu sögu má segja þegar litið er til árganga því foreldrar nemenda í öllum þremur árgöngum skólans upplifa samstarf í marktækt minna mæli en í landsmeðaltali.

Á bak við þessi samsettu gildi sem sjást á mynd 4.1 eru svör við nokkrum spurningum. Nú segja 64% foreldra að kennarar skólans hafi aldrei eða næstum aldrei samband (34% hlutfall á landinu) en til samanburðar voru það 41% árið 2023 (29% á landinu). Það eru svo 22% sem segja að það gerist nokkrum sinnum yfir árið, 11% segja mánaðarlega, og tæp 3% segja að það sé a.m.k. vikulegt samband. Allar þessar hlutfallstölur eru lægri nú en í síðustu könnun.


Aðspurðir um heimanám nemenda þá segja 90% foreldra að kennarar biðji þá (næstum) aldrei að fylgjast með því (59% á landinu). 90% foreldra segja kennara (næstum) aldrei biðja sig um að ræða skóladaginn við sitt barn (70% á landinu). Loks segja 63% foreldra að kennarar biðji sig (næstum) aldrei að mæta á viðburð í skólanum (38% á landinu), en 38% segja það gerast nokkrum sinnum yfir árið.

Aðspurðir um hvort foreldrum finnist þeir hafa áhrif á ákvarðanir varðandi sitt barn í skólanum þá telja 41% svo vera, þar af tæp 5% sem segja mjög mikil áhrif, og 36% sem segja frekar mikil áhrif. Það eru svo tæp 44% sem segja áhrif sín frekar lítil og tæp 16% segja mjög lítil áhrif.

Athyglisvert er að sjá hvað þessi hlutfallstala 41% rokkar fram og til baka um 20% milli kannana. Árið 2023 voru þetta 64% en 42% árið 2021 og 61% árið 2019. Landsmeðaltalið hefur staðið í um og yfir 55% á sama tíma frá 2013.

Þegar litið er til kynjamunar þá gengur til baka hækkun hlutfalla sem sást 2023 og niður í nánast þau sömu og komu fram 2021 - nú eru það 50% foreldra stráka og 30% foreldra stelpna sem finnst þeir hafa áhrif.

Í árgöngunum eru tölur líka lægri, nema í 8.bekk þar sem hærri hlutfall foreldra upplifir að þeir hafi áhrif á ákvarðanir varðandi sín börn (mynd 4.2).



Mynd 4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur eftir árgöngum

Næst var spurt um hvort skólinn leitaði eftir tillögum foreldra fyrir ákvarðanir um þeirra barn og 64% svara því játandi í Garðaskóla. Á landinu að meðaltali er þetta hlutfall 66%, svo munurinn er sama og enginn. Þetta hlutfall er meðaltal úr svörum við tveimur spurningum. Spurt var annarsvegar hvort skólinn leitaði eftir tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barn foreldra – því svöruðu 46% játandi – og hinsvegar hvort ábendingar foreldrar væru teknar til greina – og því svöruðu 81% játandi. Ekki kemur hrópandi munur fram á milli árganga, foreldrar 8.bekkar svara 67% játandi, 9.bekkar 57%, og 10.bekkar 69%.

Varðandi síðasta foreldraviðtal þá sést að 89% foreldra voru ánægð með það (93% í meðaltalinu), og nánast enginn munur sést eftir kyni nemenda, en þetta hlutfall var 96% í könnuninni 2023. Ef skoðað er eftir árgöngum sést að 82% foreldra nemenda í 9.bekk eru ánægð, 91% í 8.bekk og 96% í 10.bekk. Þau efni sem helst voru rædd þar voru helst almenn líðan barnsins og gengi þess í náminu, samskipti þess við aðra, auk sameiginlegra ákvarðana varðandi skólagönguna.

Foreldrar voru einnig spurðir um þátttöku í gerð námsáætlunar með sínu barni – sem snýst m.a. um að hjálpa til með markmiðasetningu fyrir heimanám eða námsárangur, og er hlutfallið nánast það sama og í tveimur síðustu könnunum, 57% (var 58% 2023 og 2021). Munur á kynjum er sama og enginn, 58% foreldra stráka og 55% foreldra stelpna taka þátt í þessu, og ef litið er til árganga eru foreldrar 10.bekkjarnema með vinninginn, tæp 63% þeirra taka þátt með sínu barni, tæp 55% í 9.bekk, og tæp 53% með 8.bekkingum.

Það er þó mun hærra hlutfall, eða 88%, sem álítur það mikilvægt að taka þátt í gerð námsáætlunar með barni sínu. Þetta hlutfall stóð í 91% og 82% í síðustu tveimur könnunum. Enginn kynjamunur kemur fram og aðeins sést smávægilegur milli árganga, 93% foreldra nemenda í 8.bekk og 85% í 9.bekk álíta þetta mikilvægt, með 10.bekk þarna á milli í 87%.

Í framhaldi var spurt hvort foreldrar teldu sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá og kom þá fram að 73% telja sig vera það. Þetta hlutfall er svipað og 2023 (78%) en 2021 voru aðeins 60% sem álitu þetta – sem gæti nú hafa orsakast af samkomutakmörkunum á tímum Covid.

Enginn kynjamunur sést hér, eða aðeins 1%, en sé litið til árganga eru það foreldrar 8.bekkar sem telja sig best upplýsta (78%) en foreldrar 9.bekkinga minnst (69%), á meðan 10.bekkur er þarna á milli aftur, með 71%.

Síðasti liður þessa spurningaflokks er svo ánægja með heimasíðu skólans, þ.e. hvort foreldrar telji upplýsingarnar sem þar er að finna gagnlegar. Nú segja 70% að svo sé, en það hlutfall lækkar úr 85% síðast, og hefur raunar staðið í 84% upp í 92% í síðustu fjórum könnunum.

Þar eru það 85% sem svara því að þær séu „mikið eða frekar gagnlegar“, en athyglisvert er að 14% foreldra segjast ekki hafa skoðað heimasíðu skóla barnsins síns, sem er 3% aukning frá síðustu könnun. Foreldrar stráka eru ánægðari (76%) en stelpna (61%), en lítill sem enginn munur sést milli árganga, þeir eru allir á bilinu 68% - 72%.


Það er ekki mikið að sjá út úr þeim 11 ábendingum sem gefnar eru um hvernig megi bæta heimasíðu skólans, en þær helstu skulu nú nefndar. Einn bendir á að hún sé ekki mikið uppfærð en að það sé margt gott þar og að „það er helst að maður fatti að fara þangað að leita að upplýsingunum“. Bent er á að nýjar fréttir mættu vera meira áberandi þar. Svo kemur fram það álit að „það skoði enginn þessa heimasíðu nema til að fletta upp skóladagatalinu. Fint ef væri flýtleið / hnappur á forsiðunni á dagatal yfirstandandi skólavetrar OG næsta vetrar, um leið og það dagatal liggur fyrir“ en eins og kunnugt ætti að vera þá *eru tenglar nú þegar* á núverandi skóladagatal og næsta vetrar. Annar segir einmitt að kannski ætti hann „mögulega að byrja að skoða hana“, sem sagt heimasíðuna. Væntanlegir skipulagsdagar mættu vera auglýstir betur fyrirfram að sumra álitum – sem sést einnig í opnu svörum í lokin - og einn biður um ábendingaflipa fyrir nafnleysi. En þetta segir í raun að það mætti uppfæra heimasíðuna oftar, hafa suma hluti meira áberandi og auglýsa síðuna betur svo fólk skoði hana betur.

5. Heimastuðningur

Í þessum flokki spurninga er kannað hversu virkir foreldrar telja sig vera í námi barna sinna, hversu mikið nemendur leita eftir þátttöku þeirra, hvort heimavinnan sé hæfileg, og hversu mikill tími er settur í aðstoðina heima. Að auki er spurt um væntingar foreldra til háskólanáms barna sinna annars vegar og hins vegar til iðnnáms.

Um virgni sína í námi barna sinna segjast núna 83% foreldra ræða við barn sitt í hverri viku eða oftar um hvernig gangi í náminu (var 76%) og 13% í viðbót (var 19%) ræða þau mál í hverjum mánuði, eða alls 96% sem ræða um námsgengið a.m.k. í hverjum mánuði á móti 95% í síðustu könnun. Samsvarandi fyrir landsmeðaltal er 98%. Svo eru það 45% foreldra sem segjast ræða við sitt barn í hverri viku eða oftar um það hvernig megi tengja námið við daglegt líf og 50% í viðbót segjast ræða það í 1-2 skipti í hverjum mánuði. Það eru því 95% foreldra barna í skólanum sem ræða þessa tengingu náms og daglegs lífs a.m.k. í hverjum mánuði (var 76% síðast). Þetta hlutfall stendur í 85% í landsmeðaltali. Að auki eru fleiri undirspurningar um liði sem eiga ekki eins við í unglingaskóla og yngri deildum. Þetta eru liðir eins og aðstoð með „heimalesturinn“, hve oft er rætt við kennarann, og hversu oft er náð í námsgögn fyrir barnið (námsvísa, hugbúnað, umsóknir). Þessir liðir eru að draga meðalgildi skólans töluvert niður og því mætti segja að samanburður sé skakkur eða ósanngjarn hérna þegar í heild kemur sú niðurstaða að virkni foreldra sé marktækt minni í námi barna sinna. Það er þó ljóst að þessir tveir fyrst nefndu liðir, um tengingu við daglegt líf og umræður um gengi í námi eru þær sem mestu skipta fyrir Garðaskóla og þær tölur eru eins eða betri en í landsmeðaltali.


Þegar kemur að hjálp með heimanámið þá er núna spurt um þann tíma sem settur er í hjálpina í hverri viku í stað þess hve oft hjálpað er. Nú kemur fram að 24% foreldra hjálpa ekkert, 50% í 15 mínútur eða skemur, og 26% svara að sá tími sé lengri (mynd 5.1).



Mynd 5.1. Hve lengi í viku hjálpa foreldrar með heimanámið, þ.m.t. heimalestur.

Í Garðaskóla hefur nú í nokkur ár verið unnið með það að nemendur hafi oftast tíma í lok kennslustunda til að klára heimanámið sitt, með 55 mínútna tímum, og það sjást hugsanlega áhrif þess hér.

Í framhaldi segja 66% foreldra að þeim finnist magn heimavinnu hæfilegt, en það hlutfall stóð í 88% síðast og 66% árið þar áður. Í samanburði við nokkur síðustu ár, ef undan er skilið árið 2023 þegar nánast *allt* kom herra út, má sjá á meðfylgjandi mynd að hlutfallið nú er svipað og sést hefur áður (mynd 5.2).



Mynd 5.2. Hæfileg heimavinna að mati foreldra milli ára.

Það eru þó 29% foreldra, eða nærri þriðjungur, sem telja heimanám vera of lítið og sú rödd heyrir einnig í opnu svörum aftast. Enginn kynjamunur kemur fram og á milli árganga er munurinn aðeins örfá prósentustig.

Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu sem fær samsetta gildið 3,4 stig, er svipaður og fram kom 2021 (3,3) en marktækt minni en 2023 (3,8). Þetta gildi nú (3,4) er raunar lægra en í öllum eldri könnunum en 2021 þar sem gildið hefur verið á bilinu 3,6 – 4,5 stig. Það virðist því að þegar allar undirspurningar eru settar saman þá sé þessi vilji nemenda heldur að minnka með árunum.

Þessi atriði á bak við verða nú rædd stuttlega. Nú segja 61% foreldra að þeir séu (næstum) aldrei beðnir um að fylgjast með heimanámi (var 52%), 24% segjast beðin í 1-2 skipti í mánuði (var 25%). Alls eru þetta 85% foreldra sem eru beðin að hámarki tvisvar í mánuði. Það eru svo 4% sem segjast beðin í 1-2 skipti í viku (var 11%), og 3% biðja um aðstoð daglega (var 1%). Til samanburðar við landsmeðaltalið segjast 48% foreldra aldrei beðin, 15% segjast beðin í 1-2 skipti í mánuði – alls 63% að hámarki tvisvar í mánuði – en svo eru það 13% í 1-2 skipti í viku, og 16% segjast beðnir


daglega um aðstoð – sem einmitt gefur til kynna að hér sé átt við yngri nemendur en eru í Garðaskóla.

Varðandi mætingar á viðburði í skólanum segjast 54% foreldra (næstum) aldrei vera beðnir (var 52%), á móti 30% í landsmeðaltali, og í 1-2 skipti á ári segja 43% (óbreytt frá því síðast) á móti 52% í landsmeðaltali. Það eru því 97% foreldra nemenda í Garðaskóla sem eru aldrei beðnir, eða kannski í 1-2 skipti á ári, að mæta á viðburð í skóla barna sinna, á móti 82% í landsmeðaltalinu.

Nú segja færri foreldrar en áður að sitt barn biðji þá um að hafa samband við kennara, eða 70% sem segja að það sé aldrei gert, og 23% segja að það gerist í 1-2 skipti á ári – sem væru þá samráðsdagarnir tveir. Í viðbót við það eru 5% sem segja koma ósk um þetta í 1-2 skipti í mánuði frá sínu barni. Í sömu röð í landsmeðaltali eru það 56% (aldrei), 29% í 1-2 skipti á ári, og 12% í 1-2 skipti í mánuði. Það má því segja að nemendur Garðaskóla biðji aðeins sjaldnar um að foreldri hafi samband við kennara en í meðaltali skóla landsins.

Næst var spurt um væntingar foreldra um að þeirra barn ljúki háskólagráðu. Þar er átt við annaðhvort grunnnámi eða framhaldsnámi. Svarhlutfall þeirra sem búast við því hefur verið á bilinu 83% - 88% síðustu ár, nema í síðustu könnun – þar sem nánast allt kom betur eða hærra út en áður – þar sem hlutfallið lækkaði í 77%. Í ár er hlutfallið tæp 87% á ný, sem þýðir að nærri því 9 af hverjum 10 foreldrum búast við því að þeirra barn ljúki gráðu eða gráðum í háskóla. Á landinu að meðaltali vænta 77% foreldra þess að þeirra barn ljúki háskólagráðu(m) og undanfarin ár hefur það hlutfall verið þar um bil eða ¾ foreldra.

Þegar nánar er skoðað sést að 81% foreldra stráka í skólanum hafa þessar væntingar og 93% stelpna, sem er 11% hærra en í landsmeðaltali hjá strákunum og 9% hærra hjá stelpunum. Nemendur í 8.bekk eru taldir líklegastir til að ljúka háskólagráðu (90%), næstir eru nemendur 10.bekkjar (87%) og nemendur 9.bekkjar þar á eftir (83%), og allir þrír árgangar eru vel yfir landsmeðaltali, eða með 13% - 17% meiri væntingar. Annars sjást væntingar um nám eftir grunnskóla vel á meðfylgjandi mynd (mynd 5.3).



Mynd 5.3. Væntingar foreldra um nám eftir grunnskóla.

Hér sést einnig að væntingar um lok iðnnáms eru á meðal 9% foreldra, en það hlutfall stóð í 13% árið 2023, tæpum 7% árið 2021, og aðeins 4% árið 2019. Landsmeðaltal er núna tæp 15% til samanburðar og hefur verið á bilinu 10% - 16% á þessu sama tímabili. Athyglisvert er í tölunum fyrir Garðaskóla að á meðan *ekkert* foreldri stelpu býst við lokum iðnnáms þá eru það rúm 16% foreldra stráka sem búast við því.

Ef litið er til árganganna eru það 5% foreldra í 8.bekk, 4% í 10.bekk en í 9.bekk eru það tæp 17% sem er eini árgangurinn sem er í takt við landsmeðaltalið. Þar sjást nefnilega tæp 15% í 8.bekk, 16% í 10.bekk, og nærri 19% í 9.bekk. Það er því ljóst að mun meiri væntingar eru um lok iðnnáms hjá foreldrum landsmeðaltalsins en í Garðaskóla, og þá sérstaklega hjá stelpunum.

6. Jákvæðar og neikvæðar ábendingar

Áberandi í jákvæða hluta opnu svaranna er orðið „metnaður“. Þá er bæði verið að ræða um kennarana, stjórnendur og skólann í heild eins og hann er skipulagður. Skólinn þykir góður skóli þar sem hlutirnir eru vel skipulagðir, þar sé gott starfsfólk og nemendum líði vel – og það þrátt fyrir húsnæðisvandamál vegna myglu og plássleysis. Foreldrum þykir það kostur að skólinn sé stór því þá er hægt að hraðaskipta eftir því sem hentar nemendum og jafnframt bjóða upp á einstaklingsmiðað nám út frá námsgetu. Skólinn þykir sumum vera krefjandi en nemendur læri þar sjálfstæði og ábyrgð.

Minnst er á að í skólanum eru menntaðir kennarar og greinilegt er á umsögnum að foreldrum finnst þeir almennt vera metnaðarfullir og hjálpsamir, og sem „virkja nemendur til betri námsárangurs“ eins og einn komst að orði. Rætt er um góða kennslu og að nemendur muni koma vel undirbúnir í framhaldsskóla.

Í skólanum skynja foreldrar að ríki „góður andi sem þýðir góðir stjórnendur og almennt gott teymi“ eins og einn orðar það. Skólastjórinn þykir sérstaklega almennilegur og hann þykir veita góðar upplýsingar. Foreldrar segja að í skólanum sé hlustað á nemendur, það sé brugðist hratt og vel við ef eitthvað kemur upp og í sama streng tekur annar sem vísar í mál sem kom upp hjá sínu barni en vel var greitt úr af öðrum stjórnendum.

Í neikvæða hlutanum – þar sem fram koma atriði sem mætti gera betur – eru nokkrar ítarlegar færslur frá foreldrum. Þarna er nokkuð rætt um að upplýsingaflæði frá skólanum mætti vera betra. Vísað er í skíðaferðina sem dæmi, og önnur atriði sem barn viðkomandi talaði um heima en ekkert var um á Innu eða í pósti. Skipulagsdagar eru líka nefndir í því sambandi að þá megi gjarnan auglýsa betur og það sé „skrítið þegar skipulagsdagar eru ekki auglýstir“. Einnig heyrir sú rödd að fleiri lausnir þurfi við hegðunarvanda þegar sá vandi truflar aðra nemendur. Annar segir að það að kynjaskipta ekki í sundi sé uppspretta kvíða og mætingavandamála vegna óþæginda/spéhræðslu. Það er líka einn sem bendir á að meira þurfi að aðstoða þá sem glíma við félagsfælni og lesblindu.

Varðandi kennara, kennslu, og námsefni er bent á að ekki sé alltaf farið nægilega vel yfir niðurstöður prófa og hvað nemandi gæti bætt hjá sér í framhaldi. Sumir kennarar ættu að passa betur hvað er rætt við nemendur í tímum – t.d. eigi launadeilur og hvað sé erfitt að vera í starfi kennara varla heima í viðræðum við nemendur. Einnig sést að þeir mættu sýna meiri áhuga á efninu í sinni grein. Sumum þykir námsefni í einhverjum tilfellum vera orðið gamalt og fram koma áhyggjur af „ósamræmi í einkunnagjöf milli skóla“ og það fullyrt að erfiðara sé að fá A í Garðaskóla en í öðrum skólum. Annar bendir á að það mætti vera meiri heimavinna og verkefnaskil – eins og endurspegladist í yfir 20% hlutfalli foreldra sem taldi heimavinnu of litla. Og svo er bent á að betur þurfi að fylgjast með svindli og truflunum í prófum.

Einnig er rætt um skort á tengslum við starfsfólkið og almennt utanumhald. Fram kemur sú ósk að væru meiri tengsl við starfsfólkið og fullyrt að það sé ekki nóg að hitta umsjónarkennarann í nokkrar mínútur á önn og aðra kennara ekki neitt. Varðandi utanumhald námsgreina þá er nefnt að mismunandi sé eftir fögum hvað sjáist á Innu og er þá vísað til þess að stundum viti foreldrar ekki hvað er rétt - að nemandi sé búinn með það sem þarf að gera eða eigi eitthvað eftir af heimavinnunni. Það megi upplýsa foreldra á einhvern hátt betur um það sem er í gangi í hverri grein því kerfið eins og það er sé „of óaðgengilegt“. Fram koma áhyggjur af því að nemendur sem þurfa meiri aðstoð, og vísað er til stærðfræði, þurfi að leita hennar utan skólans. Einnig er nefnt að meira næði verði að ríkja á bókasafninu.

Annað atriði fær töluvert umtal og það er maturinn í mótuneytinu. Fram kemur að oft sé kvartað heima yfir hádegismatnum. Fullyrt er að hann ætti að vera áhugaverðari fyrir börnin því

allt sé betra en að barnið borði ekki. Þetta kjarnast vel í eftirfarandi tilvitnun: „Einfaldur matur, td. pizza, naggar, franskar, pasta, kjötbollur og alltaf salatbar...auðvitað viljum við að unglingar borði holt, en held það sé betra að vera með aðeins óhollari mat og einfaldari en að þau borði ekkert. Naggar og franskar með gúrkubítum til hliðar hefur meiri orku en kex pakki eða ostaslaufa úr Hagkaup. Höfum unglingamat í unglingaskóla þannig að allir vilji borða. Við foreldrarnir getum séð um að gefa þeim fisk og hollan mat á kvöldin.“

Félagsmiðstöðin Garðalundur fær einnig nokkurt umtal. Þar sést að foreldrar hafa sumir þá tilfinningu að dagskráin þar sé ekki nógu spennandi og halda því fram að aðsóknin þangað sé lítil af nemendum – en sem er þó nokkrir tugir prósent eins og rætt var að framan. Það er bent á að meira mætti vera í gangi þar í eyðum þegar nemendur eru þá á staðnum. Einnig sést sú róttæka hugmynd að samfélagsmiðlanotkun nemenda hafi breytt þörfum þeirra og þess vegna mætti nota meiri pening í bækur fyrir bókasafnið, tölvukennslu og forritun, og hætta einfaldlega með félagsmiðstöðina.